

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

662. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 4. október 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við fulltrúa Háskólans á Hólum.
3. Málefni Íþróttamiðstöðvar.
4. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.
5. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
6. Bréf Stéttarfélagsins Samstöðu.
7. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2010

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir verkstöðu helstu framkvæmda. Lokið er við að steypa gangstéttir skv. áætlun ársins, búið er að fjarlægja Sifina úr höfninni, unnið er að lokafrágangi við hitaveitulögn norðan Hvammstanga, unnið hefur verið við viðgerð á lagnakerfi við sundlaug, skjólgirðing milli íþróttamiðstöðvarinnar og grunnskólans er langt komin, greint frá stöðu á framkvæmdum við nýjan pott við íþróttamiðstöð. Verkstjóri áhaldahúss vék af fundi, en umhverfisstjóri mætir á fundinn til viðræðna um sorphirðumál. Umhverfisstjóri og forstöðumaður tæknideildar leggja til að sorphirðusamningur við HH gámaþjónustu ehf. sem rennur út 31.12.2010 verði framlengdur um eitt ár sbr. heimild í. 4. gr. samningsins. Byggðarráð samþykkir samhljóða að framlengja sorphirðusamninginn um eitt ár.
2. Fulltrúar Háskólans á Hólum Skúli Skúlason og Gísli Sverrir Árnason eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Kynntu þeir hugmyndir um stofnun endurmenntunardeildar við háskólann á Hólum.
3. Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir hugmyndir um breyttan opnunartíma og breytingar á vaktafyrirkomulagi í íþróttamiðstöð.
4. Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 27.09.2010, um byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 15. október 2010. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um byggðakvóta fyrir Húnaþing vestra.
5. Lagt fram til kynningar bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 24. 09.2010. Tilmæli til sveitarstjórna vegna reglna um ráðningar starfsmanna sveitarfélaga. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að fara yfir verklagsreglur Húnaþings vestra um starfsmannaráðningar og meta hvort þörf sé á breytingum.
6. Lagt fram bréf Stéttarfélagsins Samstöðu dags. 27.09.2010. Athugasemd vegna ráðningar stuðningsfulltrúa við grunnskólann. Byggðarráð felur sveitarstjóra og skólastjórnendum grunnskólans að svara erindinu.
7. Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2010 sem haldinn verður 15. október n.k. Byggðarráð samþykkir að skrifstofustjóri í forföllum sveitastjóra sækji fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:34

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Ragnar Smári Helgason.

Skúli Þóraðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari